

Tillögur Samráðshóp um forvarnir um styrkveitingar Forvarnasjóðs Reykjavíkur 2018

Alls bárust 11 umsóknir um styrki til verkefna þvert á hverfi. Forvarnasjóðurinn hefur til ráðstöfunar nú í vor 2.700.000.- kr. vegna verkefna þvert á hverfi, heildarupphæð þeirra verkefna sem sótt var um styrki til eru 13.600.000.- kr. Gerð er tillaga um styrkveitingar til 6 verkefna.

Samráðshópurinn mat umsóknir og vann tillögur að úthlutun með hliðsjón af reglum þar að lútandi og gildandi Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar 2014 – 2019 með þeim áherslum sem þar eru settar fram. Helstu áherslupættir í Forvarnastefnunni eru; samfélag án ofbeldis, virkni og þátttaka, æska án vímuefna, sjálfsvirðing og virðing fyrir öðrum.

Verkefni: SAFTfræðsla fyrir 6. bekki í Reykjavík 2018-2019 (nr.1)

Umsækjandi: Heimili og skóli landssamtök foreldra

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Heimili og skóli landssamtök foreldra

Samstarfsaðili: Enginn

Markmið:

Fræðslan er fyrir börn á aldrinum 10 - 11 ára en rannsóknir sýna að á þessum aldri er netnotkun orðin hluti af þeirra daglega lífi. Mörg börn eiga snjallsíma sem býður þeim upp á að vera nettengdir allan sólarhringinn alla daga vikunnar auk þess sem félagslíf barna fer að stórum hluta fram á netinu. Mörg börn eru þ.a.l. ekki nógu vel upplýst um ýmsar hættur sem steðja að þeim. Má þar helst nefna tælingu, óvarlegar myndbirtingar, rafrænt einelti og netfíkn svo fátt eitt sé nefnt. Í fræðsluerindinu er farið yfir einkenni tælingarmála og hvað beri að varast í samskiptum við ókunnuga á netinu, hvað sé hægt að gera ef grunur vaknar um tilraun til tælingar og hvert sé hægt að leita. Eins fá börnin fræðslu um alvarleika rafræns eineltis og óvarlegra samskipta og myndbirtinga á netinu, farið verður yfir slæm áhrif ofnotkunar á tölvum og neti auk þess sem hvatt er til jákvæðrar og ábyrgrar netnotkunar.

Almennt um verkefnið: Verkefnastjórar Heimilis og skóla og SAFT hyggjast halda 40. mínútna langa fyrirlestra fyrir hvern og einn 6. bekk í Reykjavík skólaárið 2018-2019 um jákvæða og örugga netnotkun. Fræðslan er lifandi og hvatt er til þátttöku nemenda. Stuðst er við stutt myndbönd sem að lýsa ýmsum klemmum sem komið geta upp með óvarlegri netnotkun. Í lok fræðsluerindanna fær hvert barn Ekkert hatur tattú auk þess sem hver bekkur fyrir sig fær Ekkert hatur veggspjald til að hengja upp í sinni stofu. Eins fá kennarar ítarefni á borð við bæklingana Börn og miðlalæsi og Örug og ábyrg farsímanotkun auk Tímarits Heimilis og skóla þar sem ýmis heilræði fyrir uppalendur er að finna.

Sótt er um: 1.300.000 kr

Tillaga að upphæð: 600.000 kr.

Verkefni: Einelti, samskipti og vináttufærni (nr.2)

Umsækjandi: Heimili og skóli landssamtök foreldra

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Heimili og skóli landssamtök foreldra

Samstarfsaðili: Salka Sól Eyfeld og Vanda Sigurgeirsdóttir

Markmið:

Vera með vitundarvakningu um forvarnir gegn einelti og viðbrögð þegar það á sér stað og ýmsar birtingarmyndir eineltis, þ.á.m. neteinelti. Fræða nemendur um afleiðingar eineltis, áhrif á sjálfsmynd þeirra sem fyrir því verða og að því koma, mismunandi hlutverk allra hlutaðeigandi (gerendur, þolendur, áhorfendur) góð samskipti og leiðir til að koma í veg fyrir einelti. Fræða foreldra um vináttufærni og forvarnir gegn einelti. Útskýra hvernig foreldrar geta haft áhrif og unnið gegn einelti með samstilltu átaki. Fræða kennara og starfsfólk skóla um leiðir til að vinna með samskipti og vináttufærni nemenda, hvernig byrgja má brunninn og bregðast við einelti þegar það kemur upp. Foreldrar og starfsfólk skóla væri saman á fræðslufundi. Dreifa nýrri handbók Heimilis og skóla og SAFT um vináttufærni og einelti. Markhópar eru nemendur í 6. bekk grunnskóla (eða á miðstigi 5.-7.bekkur, eftir óskum), foreldrar þeirra nemenda, kennarar og annað starfsfólk skóla og frístundar.

Almennt um verkefnið: Fræðslupakki fyrir grunnskóla um einelti, vináttu- og samskiptafærni. Allir hópar (nemendur, foreldrar og starfsfólk skóla) fá fræðslu á sama eða svipuðum tíma, t.d. sama dag eða sitt hvorn daginn, og nýrri handbók verður dreift. Heimili og skóli og mögulega Vanda tala við fullorðna, Salka Sól við nemendur.

Sótt er um: 2.500.000 kr

Tillaga að upphæð: 600.000 kr.

Verkefni: Ábyrgir foreldrar á Menningarnótt / allir saman á Menningarnótt (nr.3)

Umsækjandi: Saman hópurinn, fél um forvarnir

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Saman hópurinn, fél um forvarnir

Samstarfsaðili: Reykjavíkurborg - Höfuðborgarstofa

Markmið: Að benda foreldrum á kosti þess að vera með börnum sínum og ungmennum á Menningarnótt og að skilja þau ekki eftir eftirlitslaus fram á nótt í miðborginni. Viljum efla samtakamátt foreldra og hindra neikvæða hegðun ungmenna í miðbænum á þessari nótt.

Almennt um verkefnið: Saman hópurinn vill í samvinnu við RVK borg, eins og fyrri ár senda út skýr skilaboð um að fjölskyldan skemmti sér saman og fari heim saman á Menningarnótt. Við munum gera það með auglýsingum í fjölmiðlum, með netborðum ect.

Sótt er um: 600.000 kr.

Tillaga að upphæð: 500.000 kr.

Verkefni: SÍBS Líf og heilsa (nr.4)

Umsækjandi: Samband ísl berkla/brjósthollssjúklinga

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Stefanía G. Kristinsdóttir

Samstarfsaðili:

Markmið: Markmið verkefnisins eru að: - Auka forvarnarstarf og stuðla að snemmbærri íhlutun gegn ósmitbærum sjúkdómum, minnka heilsufarsskaða og stuðla að heilsuefningu og fræðslu í hverfum borgarinnar. - Vekja fólk til vitundar um áhættuþætti og bjargráðvegna lífsstílstengdra sjúkdóma. - Vekja athygli á heilsuefandi starfi sveitarfélaga og tengdra aðila. - Ná til hóps sem fellur ekki undir önnur heilsuefandi verkefni í borginni, þ.e. fullorðin fólk á vinnualdri. Snemmgreining hjá einum einstaklingi sem frestar alvarlegum sjúkdómi eða dauða um 10 ár sparar samfélaginu 75 milljónir króna mælt í landsframleiðslu á mann. Í hverri einustu mælingaferð SÍBS Líf og heilsa um landið finnast margir einstaklingar með verulegan háþrýsting, háar blóðfitur eða blóðsykur, þar sem hægt er að grípa inn í sjúkdómsferli áður en það er farið að valda verulegum heilsufarsskaða. Markmiðið er að mæla 1000 Reykvíkings árið 2018. Verkefnið

verður unnið í samstarfi við heilsugæslur í hverfunum þannig að þeir sem mælast með gildi yfir viðmiðunarmörkum geta strax leitað sér ráðgjafar og fengið viðeigandi þjónustu í sinni heilsugæslustöð. Allir sem taka þátt fá upplýsingar um heilsuefandi starf í sínu hverfi. Samhliða SÍBS Líf og heilsa er boðið upp á úrræði fyrir þá sem vilja taka lífsstílinn föstum tókum. Boðnar verða vinnustofur fyrir leiðbeinendaþjálfun fyrir fagaðila í hverfum borgarninnar, sem hafa áhuga að nýta sér námsskrá og námsefni SÍBS Líf og heilsu, s.s. hreyfistjóra, verkefnastjóra heilsuefandi hverfa og aðra er koma að heilsueflingu í Reykjavík. Leiðbeinendaþjálfunin er styrkt af Lýðheilsusjóði. Námsskráin miðar að þörfum fullorðinna og er í vottunarferli hjá Menntamálastofnun. Námsefnið byggir á fyrirmynd frá Smitsjúkdóma- og forvarnarstofnun Bandaríkjanna (CDC) eða lífsstílsþjálfun gegn byrjandi sykursýki en hefur verið aðlagð að langvarandi lífsstílstengdum sjúkdómum almennt byggt á ráðleggingum Landlæknis um mataræði og hreyfingu.

Almennt um verkefnið: SÍBS Líf og heilsa er forvarnaverkefni um heilbrigði og lífsstíl þar sem markmiðið er að skima fyrir áhættuþáttum ósmittbærra sjúkdóma. Mæld eru ýmis blóðgildi og fólki beint áfram til eftirfylgni hjá heilsugæslu ef ástæða þykir til. Þannig má hægja á þróun langvinnra sjúkdóma og áhrifum þeirra á einstaklingana og samfélagið.

Sótt er um: 2.200.000 kr.

Tillaga að upphæð: 0 kr.

Verkefni: Kvíða- og fótboltasaga Ingólfs Sigurðssonar (nr.5)

Umsækjandi: Guðjón Ingi Eiríksson

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Guðjón Ingi Eiríksson

Samstarfsaðili: Enginn

Markmið: Að sýna fram á að andleg veikindi eru ekki síður alvarleg en þau líkamlegu og þau ber að taka alvarlega og veita þeim stuðning sem við þau þurfa að glíma, ekki síst börnum og ungmennum. Því ættu kennarar, þjálfarar, foreldrar og fleiri að læra að þekkja einkennin og bregðast við þeim eins fljótt og mögulegt er.

Almennt um verkefnið: Ingólfur Sigurðsson var einn af okkar efnilegustu knattspyrnumönnum, en hann glímdi jafnframt við kvíða (kvíðaröskun) og sýndi það hugrekki að stíga fram á sviðið og segja frá veikindum sínum. Sannarlega áhugaverð frásögn af skelfilegum veikindum og miklu mótlæti.

Sótt er um: 800.000 kr.

Tillaga að upphæð: 0 kr.

Verkefni: Fangar betra og fræða (nr.6)

Umsækjandi: Afstaða til ábyrgðar

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Guðmundur Ingi Þóroddsson

Samstarfsaðili: Enginn

Markmið: Að fækka glæpum, endurkomum í fangelsin, fækka brotapolendum, fækka einstaklingum á langvarandi félagslegum bóttum og um leið lækka kostnað sveitarfélagsins

Almennt um verkefnið: Fangar betra og fræða er verkefni á vegum Afstöðu sem miðar að því að heimsækja alla grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla í Reykjavík og halda fyrirlestra um fanga, fangelsi, vímuefnaneyslu, betrun og forvarnir auk þess sem gerður yrði bæklingur og jafnvel heimsíða.

Sótt er um: 1.500.000 kr.

Tillaga að upphæð: 0 kr.

Verkefni: Geðfræðsla Hugarafls (nr.7)

Umsækjandi: Hugarafl - Notendastýrð starfs

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Fjóra Kristín Ólafardóttir

Samstarfsaðili: Enginn

Markmið: Markmið Geðfræðslunnar eru mörg og margbreytileg, en öll eiga þau það sameiginlegt að stuðla að jákvæðri umræðu, forvörnum og betri geðheilsu, eins og hér er skýrt betur: a) Að fræða almenning um andlega erfiðleika og áskoranir, að koma því á framfæri að það sé alltaf von, uppræta fordóma og miðla áfram mögulegum bataleiðum. b) Að uppræta fordóma gagnvart geðröskunum og andlegum erfiðleikum og koma því á framfæri að það að veikjast andlega er ekki eitthvað sem eingöngu hendir jaðarhópa, heldur geta allir orðið fyrir því á lífsleiðinni að glíma við andlega vanlíðan. Í fræðslunni sér unga fólkið að þarna er á ferð venjulegt fólk sem hefur gengið í gegnum áföll og aðra erfiðleika og að fólk í slíkum sporum þarfnast aðhlynningar, skilnings og kærleika. c) Að upplýsa um mikilvægi þess að það sé ekki bara ein leið í bata heldur fjölbreytt úrræði sem geta verið réttu verkfærin til að ná betri líðan. Markmiðið er að ungt fólk sé upplýst og viti að það hefur sjálft val. d) Að upplýsa ungt fólk að með því að tjá sig strax við einhvern sem maður treystir, að leita sér aðstoðar sem fyrst sé hægt að koma í veg fyrir frekari vanlíðan eða jafnvel erfiðari áskoranir. e) Að gera fólki grein fyrir því hversu mikilvægt það er að dæma ekki aðra eða sjálfa/n sig of hart. Að tilfinningar, sálrænir þættir og félagslegir geta vegið þungt á vogaskálarnar, til jafns við þá líkamlegu þegar kemur að andlegum erfiðleikum. Þ.e.a.s. að ofbeldi og einelti ásamt öðrum áföllum geta leitt til mikillar vanlíðanar. Einnig er rætt um hvernig slæmt sjálfstal og sjálfskaði getur haft áhrif á sálræna líðan einstaklingsins og aðstandenda þeirra. Leiðir til að nálgast manneskju sem er í þannig hegðun eru einnig ræddar. F) Að hvetja ungt fólk til þess að leita í sitt nærumhverfi ef vanlíðan gerir vart við sig, til fjölskyldu, vina og skólaumhverfis. Einnig eru kynntar aðrar leiðir. G) Að hvetja ungt fólk til að láta sig varða um náungann ef um vanlíðan er að ræða og styðja samferðamenn sína til að leita sér hjálpar. H) Að tala um mikilvægi heilbrigðs lífverni, að upplýsa unga fólkið um skaðsemi áfengis- og vímuefnaneyslu, að slík neysla geti leitt til alvarlegra veikinda. Einnig er minnt á mikilvægi þess að hafa reglu á svefni, hreyfingu og mataræði. I) Að efla leiðir kennara til að ræða geðheilbrigðismál til jafns við önnur heilbrigðismál í kennslu sinni. Mikil eftirspurn hefur verið um fræðslur fyrir leiðbeinendur og kennara. J) Að styrkja þá notendur sem í geðfræðsluhópnum eru að vinna í eigin bata og stíga sig fyrstu skref á ný út í vinnu eftir veikindi. Að taka þátt í Geðfræðslunni er stór partur þeirra í bataferli og hjálpar þeim að efla sjálfstraust og sjálfsmynd. Hugarafl hefur greitt þeim sem sinna Geðfræðslunni örlítil laun fyrir þá tíma sem farið er í fræðslur og er það mikil hvatning fyrir fólk sem hefur kannski lengi verið á örorku/endurhæfingarlífeyri að fá laun fyrir unnin störf. Einnig er fólk að bjóða óttanum á birginn þegar það stígur út fyrir þæginda rammann og það að opna sig og tala um sína erfiðustu lífsreynslu fyrir framan hóp af ókunnugu fólki er mörgum, ef ekki flestum óbærileg tilhugsun, en er engu að síður frelsandi fyrir þann sem talar, að opna sjálfan sig fyrir öðrum og sjá að afleiðingarnar eru bara jákvæðar, þar sem reynsla hvers og eins er mikilvæg lexía sem hægt er að notast við. Þegar manneskja sem áður óttaðist að vera í hóp, getur án mikilla örðuleika staðið fyrir framan heilan hóp af fólki og rætt slíka hluti og gefið af eigin reynslu, er búið að skapa þar auðlind upplýsinga og reynslu. Að finna að eigin reynsla skiptir jafnvel sköpum fyrir einhvern í þeim hópi sem hlusta er mjög valdeflandi fyrir hvern þann einstakling sem tekur þátt í verkefninu.

Almennt um verkefnið: Farið er í grunn- og framhaldsskóla og frætt er um geðheilbrigði, sagt er frá reynslu fólks, bataferli, uppræta fordóma og hvaða leiðir eru mögulegar til að stuðla að bættri andlegri líðan

Sótt er um: 1.500.000 kr.

Tillaga að upphæð: 400.000 kr.

Verkefni: Samkynhneigð.is (nr.8)

Umsækjandi: Páll Guðjónsson

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Páll Guðjónsson

Samstarfsaðili: Frosti Jónsson

Markmið: Þrátt fyrir bættu lagalega stöðu á undanförnum árum glíma tví- og samkynhneigðir enn við fjölda vandamála sem koma fram í t.d. -Aukinni hættu á þunglyndi -Aukinni hættu á sjálfsvígum -Aukinni hættu á HIV smiti -Erfiðleikum við að koma út (hjá hluta ungs fólks) - Erfiðleikum í skóla þar sem fræðsla um samkynhneigð í skólakerfinu hefur minnkað á meðan fræðsla um önnur hinsegin málefni hefur aukist Það hefur mikilvægt forvarnargildi gagnvart ofantöldu að finna að maður tilheyri í samfélaginu, maður eigi samleið með sínum líkum og hafi aðgang að fróðleik um málefni sem snúa að samkynhneigðum sérstaklega. Hugtakið hinsegin er nú orðið notað um afar fjölbreytta og ólíka hópa sem margir eiga fátt sameiginlegt, s.s. kynhneigð, og því finnur okkar hópur takmarkaða eða enga tengingu við annars ágætt starf svokallaðra hinsegin félaga. Hugmyndin bak við Samkynhneigð.is er að skapa vettvang með fókus á þá sem hneigjast að einstaklingum af sama kyni og hugsanlega hinu kyninu líka. Sýnileikinn og fyrirmyndir eru mikilvægar og við leitumst við að kynna sögu og samfélag samkynhneigðra á samkynhneigð.is og það fólk sem það myndar, í gegnum pistla, viðtöl, kynningu á störfum þeirra og listsköpun. Einnig er mikilvægt að hitta sína líka og reynum við að kynna viðburði ætlaða samkynhneigðum og jafnvel standa fyrir slíkum viðburðum eftir því sem við höfum burði til

Almennt um verkefnið: Hugmyndin bak við Samkynhneigð.is er að skapa vettvang með fókus á þá sem hneigjast að einstaklingum af sama kyni og hugsanlega hinu kyninu líka

Sótt er um: 500.000 kr.

Tillaga að upphæð: 0 kr.

Verkefni: Suss! - rjúfum þögnina (forvörn gegn ofbeldi) (nr.9)

Umsækjandi: RaTaTam, félagasamtök

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Halldóra Rut Baldursdóttir

Samstarfsaðilar: Enginn

Markmið: Suss! #rjúfum þögnina -Heimildaverk um ofbeldi byggt á sögum þolenda, aðstandenda og gerenda.- Miðlun: Leikhús & Útvarpsþættir & Fyrirlestrar í skólum & Gagnvirk samskipti á vefmiðlum Markhópur: Ungt fólk & ungar konur & foreldrar; kynslóðamunur, Áhersla í umfjöllun: Ofbeldi, markaleysi, heimilisofbeldi, kynbundið ofbeldi, ofbeldi í ólíkum myndum, sjálfmynd ungs fólks, heimilið, staða kynjanna í íslensku þjóðfélagi í dag og áður, #sjúkást, #höfumhátt #metoo #suss #rjúfumþögnina #suss, sérstök sýning fyrir enskumælandi konur á Íslandi. LEIKHÚS Suss! heimildaleikverk eftir leikhópinn RaTaTam var sýnt í Tjarnarbíó leikárið 2016 og 2017. Heimildaverkið tók tvö ár í undirbúningi (í þróun síðustu þrjú ár) með yfir 200 klst efni í hljóði og myndum. Í dag hefur verkið þroskast og þróast í takt við þjóðfélagsbaráttuna. Suss! er því umfangsmikil rannsókn sem varð að 70 mínútna leiksýningu og tifar eftir þörf til að springa út og eflast. Vorið 2017 gerði RaTaTam tilraun til að sýna verkið fyrir ungt fólk úr Borgarholtsskóla og var þá RaTaTam í virkum samskiptum við kennara sem hönnuðu verkefni í tengslum við Suss!. Eftir sýninguna voru haldnar umræður með nemendum sem tóku virkan þátt og höfðu margt um að spyrja. Áhuginn hjá ungu fólki um samtal og umræðu um ofbeldi og markaleysi leyndi sér ekki. Ungt fólk vill tala og hefur þörf til að tala um málefnið og þeim þarf virkilega að sinna á mun stærri skala en áður hefur verið gert, sérstaklega í umræðuþungu þjóðfélagi síðasta árið. Með

leiksýningu er hægt að ná til ungs fólks með alvarleika en undirliggjandi húmor og virðingu. Verkið Suss! matar ekki áhorfendur af fræðslu eða upplýsingum, verkið ER fræðsla og upplýsing og hvetur til umræðu og sjálfsskoðunar. Ungu fólkið sem kom á Suss! óskaði eftir upplýsingum um það hvert skyldi leita ef um heimilisofbeldi væri að ræða eða jafnvel hvort að aðstæður heima fyrir væru markalausar eða einkenndust af óheilbrigði. Í kjölfarið vildum við fara með sýninguna til fleiri ungmenna og gera skólann virkari í þessum málum með því t.d að hafa opinberan hlekk inni á vefsvæði skólans þar sem hægt væri að fá allar upplýsingar um ofbeldi, markaleysi, fagaðila og ráð. FYRIRLESTRAR Í SKÓLUM Fyrirlesturinn er ætlaður unga fólkinu áður en þau sjá sýninguna Suss! og vinna þau verkefni í tengslum við hann. Eftir sýningu taka þau þátt í umræðum og gera í kjölfarið lokaverkefni. Verkefnið og fyrirlesturinn leggur áherslu á að auka skilning á mörkum í samskiptum, kynjamun og kynhegðun, gera sér grein fyrir ofbeldi og óheilbrigðum og heilbrigðum samskiptum í umhverfinu og á heimili, efla sjálfstraust og sjálfsvirðingu. GAGNVIRK SAMSKIPTI Efling ungs fólks á jafninga grundvelli er lykilatriði í forvarnafræðslu. Sérstök innsög, hönnuð af þeim sjálfum, RaTaTam og þekktum fyrirmyndum í þjóðfélaginu, eru notuð í umræðum og umfjöllunum í kennslustundum, á samfélagsmiðlum og í markaðssetningu með sérstaka áherslu á samfélagsmiðla sem ungt fólk notar hvað mest. Brot úr Suss!: Þegar ég var lítill stelpa...cirka 8 ára, þá bjó ég á Akureyri og stundum þegar ég var úti á kvöldin (dok) ég beið eins lengi og ég gat með að fara heim til mín (dok) en þá stalst ég oft til að kíkja inn um gluggana hjá öðru fólki. Þar var fjölskylda að borða saman...horfa á sjónvarpið saman...einhvern veginn svona venjulegir...Og ég man ég hugsaði (ohhh) ég vildi óska þess að þetta væri líka svona á mínu heimili...(þögn) en svo veit maður aldrei hvað gerist bak við luktur dyr?

Almennt um verkefnið: Suss! Rjúfum þögnina (forvarnarverkefni gegn ofbeldi) Kítla (01:37) : <https://youtu.be/PgSFB3iRDlk> Heimildaleikverk eftir leikhópinum RaTaTam sem tekur á ofbeldi er í gagnvirkum samskiptum, (fyrirlestrum, verkefnum, upplýsingaflæði) við ungt fólk í efstu bekkjum grunnskóla með áherslu á Vesturbæ, Laugardal, Hlíðar og Miðbæ. Verkefnið er fullt af forvorn, fræðslu, sjálfsskoðun, húmor og hamingju.

Sótt er um: 1.500.000 kr

Tillaga að upphæð: 500.000 kr.

Verkefni: Sjálfstyrking unglinga (nr.10)

Umsækjandi: Samfés, samtök félagsmiðstöða

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Victor Berg Guðmundsson

Samstarfsaðili: Enginn

Markmið: Markmið smiðjunnar sem haldið verður á Landsmóti Samfés í september og síðar í félagsmiðstöðvum um allt land á þessu ári er að skapa vettvang og tækifæri fyrir ungt fólk til að koma saman og eiga opið samtál við jafnaldra um ákveðna þætti í daglegu lífi sem hefur áhrif á sjálfsmynd þeirra og andlega líðan

Almennt um verkefnið: Ungmennaráð Samfés skipuleggur smiðju í formi jafningjafræðslu sem mun m.a. fara fram á Landsmóti Samfés í september. Helstu þættir sem verða teknir fyrir í smiðjunni eru hópefli, markmiðasetning, hæfni í mannlegum samskiptum, læra að lesa eigin tilfinningar og fleira sem hefur jákvæð áhrif á sjálfstraust, sjálfsvirðingu og félagslega hæfni unglinga.

Sótt er um: 700.000 kr.

Tillaga að upphæð: 100.000 kr.

Verkefni: Fyrstu mánuðirnir (nr.11)

Umsækjandi: Soffía Bæringsdóttir

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Soffía Bæringsdóttir

Samstarfsaðili: Enginn

Markmið: Efla foreldra í foreldrahlutverkinu, draga úr einangrun og auka vellíðan í
parsambandinu og tengslum milli foreldris og barns

Almennt um verkefnið: Gjaldfrjálst námskeið sett upp í 6 skipta samtalshópum fyrir foreldra sem
nýlega urðu foreldrar. Hugmyndin er að bjóða þau jafnt á íslensku sem og ensku

Sótt er um: 500.000 kr.

Tillaga að upphæð: 0 kr.